

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olúvара skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olú í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórnin í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olúvара.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 22. október 2003.*

**Georg Ólafsson.**

*Gunnar G. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Dalvíkur.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. nóvember 2003 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

#### 2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr.	40,56 pr.m <sup>3</sup>
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr.	60,00 pr.m <sup>3</sup>
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr.	16,22 pr.m <sup>3</sup>
d) Mælagjald	kr.	14,57 pr. dag
e) Lokunargjald	kr.	2.786,00

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m<sup>3</sup> á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m<sup>3</sup> á hvern mæli á Dalvík. Vegna herra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m<sup>3</sup>.

#### 3. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m <sup>3</sup> að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr.	141.693
og á m <sup>3</sup> þar yfir	kr.	178,30
og á m fram yfir 50 m	kr.	3.090

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti: Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald kr. 141.693

Fyrir hesthús að 700 m<sup>3</sup> skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr., reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimæðagjaldi hitaveitunnar.

## 4. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2003, 285,9 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

## 5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 2.786.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 900, 18. desember 2002.

*Iðnaðarráðuneytinu, 15. október 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## AUGLÝSING

### um endurskoðað deiliskipulag frístundabyggðar – sumarhúsa- og skógræktarlóða – í landi Steðja í Hörgárbyggð.

Deiliskipulagið er um 30 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir 31 lóð fyrir frístundahús af stærðinni 35-80 m<sup>2</sup> og 12 skógræktarlóðum.

Deiliskipulagið hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlitað af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi skipulag af sama svæði sem samþykkt var 12. júlí 1996.

*Hörgárbyggð, 15. október 2003.*

**Helga A. Erlingsdóttir,** sveitarstjóri Hörgárbyggðar.